

26. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 4. júní 2013 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu: Þorleifur Jóhannesson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinsson, Þröstur Jónsson, Páll Jóhannsson, Esther Guðjónsdóttir, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Álagspróf á stofnlögn í vesturbæ Flúða.

Fyrir liggur álagspróf frá Guðmundi Hjaltasyni frá Verkfræðipjónustu Suðurlands á stofnlögn í vesturbæ Flúða. Hannibal fór yfir þá möguleika sem eru vegna úrvinnslu málsins. Veitustjórn samþykkir að láta kostnaðarmeta sverun lagnar frá 150mm stofni við Langholtsveg að Melum.

2. Umsókn um heitt vatn að Sóleyjarbakka.

Hannibal fór yfir umsókn Guðmundar Kristinssonar um heitt vatn að Sóleyjarbakka. Hannibal fór yfir kostnaðaráætlun við verkið og þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi til hægt sé að fara í verkið. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra að kynna umsækjanda kostnaðaráætlun vegna verksins, þátttöku hans í stofnkostnaði og forsendur.

3. Hitaveita Grafarhverfis ehf.

Lagður var fram ársreikningur fyrir Hitaveitu Grafarhverfis ehf fyrir árið 2012 og fundargerð aðfalfundar félagsins frá 8. maí 2012.

4. Önnur mál.

Hannibal fór yfir möguleika á uppsetningu á brunahönum í vatnsveitukerfi sveitarfélagsins og álitamál varðandi kröfur um slökkvivatn. Þá fór hann yfir beiðni Límtrés Vírnets ehf um möguleika á vatnsöflun fyrir úðunarkerfi í verksmiðjunni á Flúðum. Einnig fór Hannibal yfir framkvæmdir í veitunum í sumar og svæðið við dælustöðina á Flúðum. Að lokum var upplýst að Lilja Helgadóttir mun snúa til vinnu á skrifstofuna eftir ársleyfi. Veitustjórn bíður hana velkomna aftur til starfa og vill þakka Mörtu Jónsdóttur fyrir góð störf í afleysingum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:10.